

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Líneik Önnu Sævarsdóttur um auðkennaþjófnað á netinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir hér á landi um tíðni auðkennaþjófnaðar á netinu?
2. Er til skilgreining á auðkennaþjófnaði? Er til sérstök skilgreining fyrir auðkennaþjófnað á samfélagsmiðlum eða samskiptamiðlum?
3. Hver eru viðurlög við auðkennaþjófnaði hér á landi?

Ráðherra hefur þegar falið refsiréttarnefnd að skoða hvort rétt sé að setja refsíákvæði í hegningarlög sem tekur sérstaklega á auðkennaþjófnaði. Við þá skoðun verður farið yfir þau atriði sem fyrirspurnin lýtur að. Þó er rétt að benda á að fram hefur komið hjá varahéraðssaksóknara að svokallaður auðkennaþjófnaður þar sem einstaklingar villa á sér heimildir á samfélagsmiðlum sé að aukast.